

eða kona hans, sem er í sambúð með honum, hefir útaf eldsvoðanum verið **3**
dæmd í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða hann eða hún hafa gengist **16. jan.**
undir það sjálfviljug að greiða slíka sekt.

113. gr.

Ef bann það, sem um ræðir í 74. gr., hefir verið brotið á síðustu 12 klukkustundum, áður en eldurinn kom upp, má draga alt að $\frac{1}{5}$ af brunabótunum, þótt eigi sannist, að vanræksla á að hlýða banninu, hafi orsakað eldsvoðann, þegar eigi er sannað, að eldsvoðinu hafi orsakast af öðrum ástæðum.

114. gr.

Sama frádrátt má gera, þegar tjónþoli:

1. hefir vanrækt að gera það, sem með þurfti til að slökkva eldinn eða stöðva hann eða með ástæðulausri breytni sinni meðan á slökkvitalraununum stóð eða eftir að þeim vær lokið, hefir orðið þess valdandi, að tjónið hefir aukist,
2. hefir gefið ranga skýrslu um verðmæti hins váttrygða eða upphæð tjónsins eða
3. með röngum skýrslum eða þögn um það, sem honum var skylt að skýra frá, hefir hindrað rannsókn til upplýsinga um orsök eldvoðans eða stærð tjónsins.

Þetta nær og til þess, ef tjónþoli gagnstætt skyldu sinni hefir stuðlað að misfellum þeim, sem um ræðir í tölulíð 1—3.

Í stjórnarráði Íslands, 16. janúar 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Flokkunarreglur og iðgjaldtaxti

4
16. jan.

Brunabótaffelags Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 54, 3. nóvember 1915, um stofnun Brunabótaffelags Íslands, eru hjer með settar eftirfarandi flokkunarreglur og iðgjaldtaxti fyrir fjelagið.

4
16. jan.

Almennar reglur um iðgjaldareikning.

1. gr.

Reglur þessar gilda um byggingar- og lausafjármuni, sem vátrygt er í fjelaginu. (Þar með talin húsgögn, vörur, vjelar, búsgögn, gripir og allskonar afurðir og einnig skip á höfnum inni eða á landi). Öll iðgjöld eru reiknuð af vátryggingarverði, þ. e. $\frac{5}{6}$ hlutum virðingarverðs, eða verðmætis þess, sem upp hefir verið gefið, ef ekki er vátrygt samkvæmt virðingu. Iðgjöldin eiga við ábyrgðir þær, sem um ræðir í 6. gr. staflað a) og b) í reglugjörðinni. Á ábyrgðum þeim, sem um ræðir í 6. gr. staflað c) í reglugjörðinni, eru þau $\frac{1}{6}$ lægri en hjer segir

2. gr.

Iðgjöldin eru fyrir vátryggingu í eitt ár og greiðast þau fyrir nefndan tíma fyrirfram.

Sje um vátryggingu fyrir styttri tíma að ræða, reiknast gjaldið þannig:

alt að	1 mánuði	$\frac{2}{10}$	árgjaldsins
—	2 mánuðum	$\frac{3}{10}$	—
—	3	$\frac{4}{10}$	—
—	4—5	$\frac{5}{10}$	—
—	6	$\frac{6}{10}$	—
—	7—8	$\frac{7}{10}$	—
—	9	$\frac{8}{10}$	—
—	10	$\frac{9}{10}$	—
—	11—12	—	heilt árgjald.

Ef um nýbygð hús er að ræða telst gjaldið $\frac{1}{4}$ fyrir ársfjórðung hvern, svo og fyrir öll hús, sem koma í fjelagið á tímabilinu 1. janúar til 14. júlí 1917.

3. gr.

Ef í húsinu er rekin atvinna eða iðnaður, eða þar eru birgðir eða annað, sem gjörir það að verkum, að reikna verður hærra iðgjald en lágmarksiðgjaldið, skal iðgjaldshækkunin gilda jafnt um alla bygginguna og það sem í henni er.

Þegar kvikmyndahús,

iðnaðarrekstur,

steinolíu-, nafta- eða benzinbirgðir,

lýsisbræðsla,

trjesmiðar með vjelum

eru innan þeirra takmarka, sem getið er um í smitareglum reglugjörðar þessarar, hækkar iðgjaldið vegna þess, að af þessu stafar aukin eldshætta.

4. gr.

Húsaskildagi. Það er skilyrði fyrir, að lægra iðgjald sje reiknað fyrir vátryggingu, þar sem iðgjaldskráin heimilar slíka lækku, þegar eldstæði og reyk-

háfar eru gjörðir samkvæmt fyriræmum laga um brunamál 22. nóvember 1907, 4
8. og 9. gr., að váttryggjandi afhendi yfirlýsingu, undirskrifaða af honum sjálfum, 16. jan.
um að nefndum skilyrðum sje fullnægt, og er þá skildagi váttryggingarinnar þessi:

Gildi váttryggingarinnar er bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Opin eldstæði mega ekki vera í herbergjum, sem trjególf er í eða trjebitar í gólfi og hvergi nær stoðum eða öðrum viðum en svo, að 24 þuml. (63 sm.) sje á milli.
2. Ofnar og eldavjelar mega ekki vera nær trje eða öðru, er kviknað getur í, en svo, að 8 þuml. (um 21 sm.) sje á milli.
3. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega ekki vera nær trje en svo, að 8 þuml. (um 21 sm.) sje á milli. Þær skulu liggja inn í reykháf og mega ekki liggja um herbergi, sem geymt er í hey eða ámóta eldfim efni.
4. Eldavjelar mega því aðeins standa á trjególfi, að $4\frac{1}{4}$ þuml. (um 11 sm.) að minsta kosti sje frá gólfi upp að botni eldavjelarinnar og gólfíð undir eldavjelinni þakið járnþynnu eða öðru eldtraustu efni.
5. Ofnar skulu standa á múruðum fæti eða á múrfyltum eða opnum járnfæti, sje rist í botni ofnsins skal öskuskúffa vera í fætinum og skal þá vera undir skúffunni járnþynna er fyllir út í holið, 2. þuml. (um 5 sm.) frá gólfi að minsta kosti.
6. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfíð fram undan eldholinu vera þakið með efni, er ekki getur kviknað í, t. d. járnþynnu. Skal járnþynnann eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minsta kosta 12 þuml. (um 31 sm.) fram á gólfíð fyrir framan ofninn eða eldavjelina, og að minsta kosti 8 þuml. (um 21 sm.) út á gólfíð til hliðanna og bak við.
7. Reykháfar skulu vera tryggilega hlaðnir upp úr tígulsteini eða grjóti, lögðu í steinlím, eða gjörðir úr steinsteypu, er sje a. m. k. $4\frac{1}{2}$ þuml. (um 12 sm.) á þykt. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, sem og þar sem hann gengur gegnum þakið, skal hann vera járnklæddur hringinn kring, og sje a. m. k. $6\frac{1}{2}$ þuml. (um 17 sm.) milli þeirra hliða hans, er inn snúa og næstu víða. Ekki má heldur þilja reykháfinn, eða klæða hann borðum, eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli, eða liggja í hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á bitum eða trjególfum. Reykháfar skulu eigi þrengri en 9 þuml. (um 24 sm.) á hvern veg að innanmáli og ná a. m. k. 1 alin (63 sm.) upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en a. m. k. $1\frac{1}{2}$ alin (um 1 metra) upp úr þekjunni utan mænis.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvið reykháfn-
um og traust járnhurð fyrir í járnungjörð. Inn í 9 þuml. (um 24 sm.) víðan
reykháf má eigi setja reykþípu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa
járnkraga í reykháfnunni utan um hverja pípu, þannig gjörðan, að pípan geti
eigi ýtst inn í reykháfinn.

Eigi má reykháfur vera í herbergi þar sem geymt er hey eða aðrir jafn
eldfimir hlutir, nema hlífar sjeu reistar alt í kringum reykháfinn í því her-

4 bergi að minsta kosti 1 alin (63 sm.) frá honum á hvern veg, svo að engin
16. jan. eldfim efni nái að komast að reykháfum.

Skildagi um þurkun. Þegar framleiddur hiti er notaður við atvinnurekstur eða til þurkunar á vörubirgðum, er skildagi váttryggingarinnar þessi:

Eldnæmir hlutir, sem þurkaðir eru við framleiddan hita, mega eigi vera nær hitunarfærum, hitaleiðslupípum eða hitaleiðslugöngum en svo, að 1 metri sje á milli upp á við og 60 sm. til hliðanna, og eigi nær eldstæði en svo, að 1 m. sje á milli, hvort heldur er upp á við eða til hliðanna. Svo skal og uppi yfir hitunarfærum, hitaleiðslupípum og hitaleiðslugöngum í 60 m. hæð að minsta kosti hafa þannig gerðan útbúnað, að óhult sje um, að þeir hlutir, sem verið er að þurka, geti dottið niður á pípur eða leiðslur, sem hitinn kemur frá.

5. gr.

Þegar til lýsingar er notað gas, acetylèn eða annað ljós-gas, skal það skilyrði sett í skirteinið, að gasgeymirinn sje settur utanhúss og þá að minsta kosti 3 metra frá húsum, sem eru í 1. fl., 6 m. frá 2. fl. húsum og 12 m. frá 3. fl. húsum (sbr. kaflann um húsaskifting).

Sje fyrirkomulagið á annan veg, hækka iðgjöldin fyrir þær byggingar, sem eru nær útbúnaðinum en ofan greinir, um minst 20%.

Raflýsing hefir ekki í för með sjer iðgjaldahækkun, ef allur útbúnaðurinn er á þann hátt, sem framkvæmdarstjórn fjelagsins fyrirskipar; að öðrum kosti hækkar iðgjald það, er um ræðir, um 50%.

Gasolinlampar. Ef slíkir lampar eru notaðir, er iðgjaldið tvöfalt.

Steinoliulampar (Kitson-, Lux-, Perpetua-, Sprit-glóðarlampar eða aðrir lampar af líkri gerð). Ef þess háttar lampar eru notaðir til ljósa, er skil-daginn þessi:

1. Lampann má ekki hengja nær þaki eða lofti en svo, að 1 m. sje á milli, nema um steinhvelfing sje að ræða, eða trjed sje varið með 60×60 sm. þynnu úr járn og asbesti, er fest sje innan á sjálft þakið eða loftið og snúi asbestið inn að trjenu.
2. Leiðslurnar frá ljósmetisbrúsum skulu varðar gegn ytri skemdum 1,5 m. upp frá gólfi að minsta kosti.
3. Ljósmetisbrúsana skal setja í hylki, er sjeu úr óbrennanlegu efni og opin að ofan; eiga þau að vera því sem næst jafnhá ljósmetisbrúsum og sandur á botninum. Þetta nær þó ekki til brúsa með kolasyruþrýsting, ef á kolasyru-geyminum er málmtappi, er bráðni við lítinn hita, og ljósmetið auk þess rennur út úr smágeymi, er sje niðri í ljósmetisvökvanum í brúsanum.
4. Undir upphitunarsprittgeymi lampans á að vera nægilega stór lekabolli.
5. Eigi má nota lampa, sem svo eru gjörðir, að ljósmetisgeymurinn er áfastur við sjálfa lampaumgjörðina og fyrir ofan logann.

NB. Ef ekki er farið eftir skildögumun, reiknast tvöfalt iðgjald samkvæmt iðgjaldaskrá.

6. gr.

4
16. jan.

Aflvjarlar. Þar sem slíkar vjarlar eru, gilda þessi ákvæði:

Fastur gufuketill og gufvjel. Í gufuketilsklefanum skal vera eldtraust gólf, veggir af steini eða bárujárni, loftið steipt eða þak úr bárujárni, sem hvíli á járnringum; ef katlarnir eru að minsta kosti 1,3 m. frá loftinu, má það vera úr trje, sem sje reyrcalkað eða er klætt járnþynnum á listum. Reykháfurinn sje bygður samkvæmt fyrirmælum 9. gr. laga um brunamál (sjá húsaskildaga 7. lið), sje að minsta kosti 9 m. hár, ef gufuketillinn hefir minna en 15 hestöfl, annars 14 m. að hæð; undir öllum kringumstæðum á reykháfurinn að vera 5 m. hærri en húsmænirinn, þar sem hann er hæstur, í 10 metra fjarlægð. Eigi má þurka á gufukatlinum eða í nánd við hann.

Sje þessum ákvæðum fylgt, hefir gufuketillinn enga iðgjaldahækkun í för með sjer. Að öðrum kosti hækka iðgjöldin um minst 3^o/₁₀₀.

Steinolíumótorar. Ef mótorinn er í sjerstöku þar til gjörðu húsi úr steini bárujárni eða timbri, sem að innanverðu er klætt járnþynnum eða bárujárni, eða ef mótorinn er í sjerstöku herbergi með eldtraustu gólfi, loft og veggir sömu-leiðis, hurðin úr trje, en járnvarin á alla vegu og eins dyraumbúnaðurinn, hefir steinolíumótorinn enga iðgjaldahækkun í för með sjer. Að öðrum kosti reiknast aukagjald 5^o/₁₀₀.

Dieselmótorar, benzin-, ligroin-, nafta, spritmótorar o. s. frv. Herbergið, sem mótorinn er í, má eigi nota til annara hluta. Eldstæði má þar eigi vera. Veggir og loft (eða þak) í mótorherberginu skulu vera úr eldtraustu efni. Ef mótorinn er í sjerstöku mótorhúsi, sem eigi er áfast öðrum húsum, má loftið þó vera úr trje, en verður þá að vera klætt samfeldri járnþynnu, er eigi sje nær múrskelinni en svo, að 5 sm. (um 2 þml.) sjeu á milli. Gólfíð sje úr steini eða steinsteypu. Bjart skal vera í herberginu og vel búið um loftumrás við loft og gólf með óbygðum loftopum út í bert loft, og skulu þau vera þannig sett, að gasið komist ekki inn í önnur herbergi gegnum glugga eða önnur op, sem nærri liggja. Veggir að næstu herbergjum skulu vera heilir eða að minsta kosti eigi önnur op á þeim en nauðsynleg eru fyrir hreyfiás eða pípur. Skulu þá vera járnþynnur utanum ásinn eða pípurarnar, er falli alveg að þeim og sjeu festar á vegginn. Hurðin lokist sjálfkrafa og sje úr járn eða trje og járnvarin á alla vegu og eins dyraumbúnaðurinn; skal mega ljúka hurðinni upp út á við undir beran himin. Í glugganum sje »Monier«-gler í fastri járnungjörð, og möskvastærðin eigi yfir 2 sm. Herbergi uppi yfir mótorherberginu má eigi hafa til geymslu fyrir neinskonar hluti.

Útstraumspípan sje úr járn eða fest saman með skrúfugrúpum (Flancher) eða fast samanskrúfuðum hólkum. Hún má eigi liggja gegnum þak eða loft, heldur út í múrvegginn út í bert loft. Á pípuopinu skal vera neistanet, er á-byrgðarfjlagið tekur gilt, og má opið eigi vera nær trje, hálm eða öðru þess-háttar en svo, að 6¹/₄ m. (um 10 áln.) sje á milli. Ef engir slíkir eldfimir hlutir eru nær en svo, að yfir 12¹/₂ m. bil (um 20 áln.) sje á milli, þarf ekkert neistanet.

4
16. jan. Nú eru staðhættir þessum útbúnaði til fyrirstöðu og má pípuopið þá liggja niður í vatn í brunni fyrir utan húsið. Á brunninum sje járnlok sem falli alveg að. Í mótórhérborginni má eigi vera annað benzín en í vökvageymi mótorsins og má hann eigi taka meira en þörf er á til eins dags. Aðrar benzínbirgðir skal annaðhvort geyma í fláti, er grafið sje í jörð niður og þakið yfir, eða í eldtraustum klefa; má hann að vísu vera áfastur mótórhérborginni, en sje þó algjörlega aðskilinn frá því með samfeldum múrvegg, hlöðnum úr einfaldri steinröd að minsta kosti. Dyrnar sjeu að jafnaði aflæstar og lykkillinn í vörslumanns, er ber ábyrgð gjörða sinna.

Til lýsingar í mótó- og benzínforðahúsum má einungis hafa rafmagnsvakúumlampa með tvöföldu gleri og sjeu tryggingar og tenglar (Kontakter) að utanverðu eða með loftheldum umbúnaði, — eða að öðrum kosti ljós að utanverðu bak við lofthelt »Monier«-gler.

Gufupípur eða eldstór mega eigi vera nær mótórum eða vökvageymi en svo, að 1,5 m. sje á milli.

Vökvageymi mótorsins má einungis fylla við dagsbirtu nema vökvinn sje dældur úr neðanjarðariláti utan húss.

Banna skal með uppfestum auglýsingum í herbergjunum, þar sem þær eru auðveldar aflestrar, að reykja þar tóbak eða nota þar óbyrgt ljós.

Á sama hátt skal brýnt fyrir mönnum að leggja öll brúkuð fægigögn í til þess ætlaðan járnkassa í herberginu.

Rafmagnsmótorar. Rafmagnsvjelum (mótórum, aflvökum, spennibreytum, straumskiftum) skal komið svo fyrir, að eldur, sem kynni að koma upp í þeim geti eigi kveikt í eldnæmum efnum. Frá hreyfitólum skal svo gengið, að þau geti eigi valdið slíkri hitun á hlutum, sem kviknað getur í, að hætt sje við bruna.

Sjeu nokkur þau tæki, sem að ofan eru nefnd, í herbergi, þar sem sprengihætt efni eru framleidd og geymd, eða þar sem sprengihætta getur stafað af gastegundum, eldnæmu ryki, físi eða trefjum, skal gengið frá tækjunum með sjerstöku tilliti til sprengihættunnar.

(Aflvaki = Dynamo; spennibreytir = Transformator; straumskiftir = Strömskifter; hreyfitól = Igangsetter; tengill = Kontakt).

7. gr.

Ef iðgjaldið í sjerstökum tilfellum yrði óvenju hátt, eða um hús er að ræða, sem byggð eru venju fremur tryggilega gegn eldsvoða er fjelaginu heimilt að ákveða lægra iðgjald, ef þess er skriflega farið á leit og nægilegar upplýsingar eru fyrir hendi.

8. gr.

Húsaskifting.

I. flokkur. Hús með stein-veggjum eða steinsteypu eða eldtryggu þaki.¹⁾

¹⁾ Með eldtryggu þaki er átt við: Þak úr málm, skífum, tígulsteini, sementssteini eða eldtryggum þakpappa.

- II. *flokkur*. Hús með útveggjum, sem eru allir klæddir bárujárnri eða skifum og með eldtryggu þaki. 4
16. jan
- III. *flokkur*. Öll önnur hús.

9. gr.

A. *Almenn iðgjöld.*Árlegt iðgjald á
1000 kr.

	I.	II.	III.
<i>Lágmarksgjald</i> fyrir hús og það, sem í þeim er geymt, þegar ekki er reiknað sjerstakt iðgjald:			
1. Þegar a. <i>eldstæði og reykháfar</i> eru gerðir samkvæmt fyrir- mælum l. um brunamál 22. nóvbr. 1907 (4. gr.) og b. húsið með tilheyrandi byggingum er varið elds- hættu frá nágrannabyggingum eða birgðum með minst 60 m. auðu, óbygðu svæði í allar áttir . . .	2	4	5 ¹ / ₂
2. Að öðrum kosti	2 ¹ / ₄	6	8

10. gr.

B. *Sjerstök iðgjöld.*

1. <i>Acetylengasstöðvar</i> og þess háttar ljósstöðvar (sjá 6. gr.). Fyrir það hús, sem gasstöðin er í, greiðist þó að minsta kosti	8	14	20
<i>Beypkissverkstæði</i> (sjá smíðaverkstæði).			

2. *Birgðir innan húss, í skúrum eða undir beru lofti:*

- a. *Hreinsuð steinolía* eigi meira en 10 tn. 12⁰/₀₀.
- b. *Nafta gasolín* og þess háttar óhreinsaðar eldnæmar olíur meira en 40 ltr. 24⁰/₀₀.
- c. *Timbur* (plankar og borð).
1. Ef minst 60 m. óbyggt svæði er milli þess og húsa eða birgða 7⁰/₀₀.
 2. Ef fjarlægðin er minni: Sama gjald og fyrir næsta hús eða birgðir, þó minst 7⁰/₀₀.
- Smitaákvæði* við a. og b. Fyrir sjerhverja byggingu (eða birgðir), sem er nær að nokkru eða öllu leyti en 30 m., reiknast sama iðgjald, sem að ofan er getið.

3. <i>Brauðgerðarhús</i>	3	7	9
<i>Dráttarbrautir</i> (sjá skipasmíðastöð).			

		I.	II.	III.
4	4. Fjelags- og samkomuhús:			
16. jan.	a. Ef ekki er í húsinu kaffihús, kvikmyndahús eða önnur leikhús	2½	6	8½
	b. Ef veitingar eru, er sama iðgjald sem fyrir veitingastaðinn. <i>Gasolin</i> , sjá birgðir.			
	5. <i>Hús</i> í smíðum	3	8½	8½
	6. <i>Iðnaðarfyrirtæki</i> , sem ekket sjerstakt er tekið fram um, greiða 1 ⁰ / ₀₀ viðaukagjald auk hins venjulega.			
	<i>Ath. 1.</i> Sje fyrirtækið rekið með vjelum, sem hafa 2 hestöfl eða meira, telst áhættan vera söm og við verksmiðju-iðnað.			
	<i>Ath. 2.</i> Viðvíkjandi skildaga um þurkun, sjá 4. gr.			
	7. <i>Íshús:</i>			
	1. Í 60 metra fjarlægð frá næsta íbúðarhúsi eða vörugeymsluhúsi	2	4	5½
	2. Í minni fjarlægð: Sama iðgjald sem fyrir næstu hús eða vörubirgðir.			
	8. <i>Kirkjur:</i>			
	1. Að minsta kosti í 60 m. fjarlægð frá næsta húsi:			
	a. Án hitunartækja	1¼	2¼	3¾
	b. Með hitunartækjum	1½	3	4¾
	2. Í minni fjarlægð	2	4	5½
	9. <i>Kvikmyndaleikhús:</i>			
	1. Sje útbúnaður og rekstur samkvæmt eftirfylgjandi ákvæðum, sem færast inn í skirteinin	5½	9	14
	a. <i>Ljóstækjaherbergið og inngangurinn</i> að því skulu á alla vegu umlukt múrvegg eða lagi af járnbandri steinsteypu (Monier), er sje minst 8 sm. á þykt: Útihurðin að innganginum og innri hurðin milli hans og herbergisins skulu vera eldtraustar, lokast sjálfkrafa og svo gjörðar, að þeim verði lokið upp út á við.			
	Á sjálfu áhaldaherberginu mega einungis vera nauðsynleg birtuop og gægjugöt. Í birtuopunum skal vera 5 mm. þykt gler í málmumgerð. Rúmmál gægjugatanna má í hæsta lagi vera 100 ferh. sm. og skulu þau byrgð með samskonar gleri og birtuopin, eða með gljástainsplötu.			

Ennfremur skulu vera í herberginu loftpípur út í bert loft fyrir loftrás innan og utan, 200 ferh. sm. minst að innanmáli; fyrir loftopin skal sett tvöfalt Davy's öryggisnet.

- b. *Rafmagnsútbúnaðurinn í ljósataekjaherberginu.* Fastar rafmagnstaugar skulu vera í málmþípum, straumrofar og viðnámstæki (Modstande) standi á óbrennanlegu undirlagi, og sjeu viðnámstækin umlukt götuðum málmplötum.

Glóðarlampar í herberginu skulu vera undir lokuðum glerhjálmi.

- c. *Ljósáhalddið* m. m. Ljósáhalddið skal vera umlukt málmkassa, lokuðum á alla vegu, og sje fest við borðið, sem það stendur á. Borðflöturinn sje úr óbrennanlegu efni (ekki málm) og borðið fest við gólfíð.

Ef mótör er notaður skal hann vera í þröngu hylki.

Filman skal vera á málmspólu og vefjist upp á aðra spólu jafnóðum og sýnt er. Utan um hverja spólu skal vera þröngt málmhylki og gegnum útveggi þess sje filman rakin á þann hátt (t. d. milli þröngra mündla), að eldur í þeim hluta álmunnar, sem sýndur er, læsist ekki í spólurnar.

Sá hluti filmunar, sem ljósið fellur á, skal þannig varinn milli glerflata eða á annan hátt, að brunahættan frá ljósgjafanum verði minni. Ennfremur skal sett hreyfanleg ljóshlíf milli ljósgjafans og filmunnar til þess að draga úr ljósmagninu, þegar filman hreyfist ekki.

- d. *Meðferð og slökkviðhöld.* Eigi mega aðrir fást við vjelar og áhöld í ljóstækjaherberginu en fullkomlega áreiðanlegir og verkfróðir menn fullorðnir (eldri en 20 ára).

Óbyrgt ljós má eigi nota og bannað er með öllu að kveikja á eldspítu eða reykja.

Í áhaldaherberginu mega að eins vera spólur með filmum til einnar sýningar. Spólur, sem ekki eru á áhaldinu eða verið að spóla upp á, skal geyma í járnkassa úr minst 2 mm. járnþynnu og með loki, er falli alveg að.

Á borðum sem höfð eru við uppspólun á filmum eða til annara hluta, skal borðflöturinn vera úr eldtraustu efni (ekki málm).

16. jan.

I ljóstækjaherberginu skal ávalt vera ker með 30 lítrum af vatni minst, og sje í kerinu dúkur, nál. 2 ferh. metrum að stærð.

- e. Vátryggingin nær eigi til skemda, sem rafmagnsstraumurinn veldur á áhaldinu.

Skemdir á filmum, sem eru á áhaldinu, verða eigi bættar.

2. Að öðrum kosti 24 32 40

Sjerstök smitaðkvæði við 2.

Sama gjald greiðist og fyrir hverja þá byggingu (eða birgðir) sem eru að nokkru eða öllu leyti nær en 20 m.

10. *Leikhús:*

1. Fast leikhús sama sem fyrir veitingahús í sambandi við leikhús.
2. Þegar leyfi er til að halda einstöku sinnum sýningar:

Aukagjald (við það gjald, sem annars greiðist fyrir hlutadeigandi hús) $\frac{1}{2}\%$ fyrir hverja sýningu með 2% sem lágmark og 15% sem hámark.

11. *Lýsisbræðsla:*

- a. Vátryggingarupphæð alt að 25000 kr., að meðtöldum húseignum 12 14 17
- b. Vátryggingarupphæðin hærrí en 25000 kr. Stjórn fjelagsins ákveður iðgjaldið í hvert skifti eftir öllum þeim skilríkjum og upplýsingum, sem nauðsynlegar eru taldar að fyrir hendi sjeu. Til bráðabirgða greiðist iðgjald, sem umgetið sje í skirteininu að breytist, er iðgjaldið verði fast-ákveðið, og sje það minst 20% .

Aths. við b). Skildagi er þessi: Það er gert að skilyrði fyrir gildi vátryggingarinnar, að vátryggjandi taki að minsta kosti einn fjórða hluta af áhættunni á tekjum áhöldum og efni og birgðum.

Smitaðkvæði:

Fyrir hvert það hús, birgðir o. s. frv., sem að nokkru eða öllu leyti er nær en 15 m. lýsisbræðslu þeirri, sem getið er undir staflíð a) og nær en 30 m. því, sem talað er um undir staflíð b, reiknast sama iðgjald sem fyrir lýsisbræðslustöðina.

Mótorar: Þegar þeir eru notaðir, og hjer til teljast benzínmótorar, gufuvjelar (eða gufumótorar) og dieselmótorar, gilda þær reglur, sem settar eru um þetta í 6. gr.

12. *Skip* í höfn eða á þurru landi:

- a. Án þess að eldur eða ljós sje í skipinu:
 1. Ef um 30 m. eru til næsta húss 6% .
 2. Ef fjarlægð er minni: Sama iðgjald sem fyrir næsta hús eða birgðir, þó ekki undir 6% .
- b. Með leyfi til þess að hafa ljós eða eld um borð til notkunar eða viðgjörðar: 20% hærra iðgjald en ofantalið.
- c. Skip í smíðum, sjá skipasmíðastöð.

13. *Skipasmíðastöð* (hjermeð dráttarbraut með öllu tilheyrandi):

- a. Án afvjala $8\frac{1}{4}\%$.
- b. Með afvjelum: Fjelagið ákveður iðgjaldið í hvert skifti eftir öllum þeim gögnum og upplýsingum, sem fyrir liggja til þess að dæma um áhættuna. Til bráðabirgða greiðist iðgjald, sem um sje getið í skirteininu að breytist er iðgjaldið verði fastákveðið, og sje það minst 14% .

Um a. og b. Tjörusuða má ekki eiga sjer stað nær hús-um, dráttarbrautum eða birgðum, sem eru eldfimar, en 15 m.

14. *Trjesmíðahús*, sem eru rekin sem sjálfstæð iðnaðargrein og einungis notað handafl (beykirar, rennismiðir, trj-smiðir):

Viðbót við alment gjald: $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern vinnumann, sem vinnur á vinnustofunni eða fyrir hvern renni- eða hefilbekk.

Ef límofn er á vinnustofunni og kynt er undir honum, bætist við 1% fyrir hvern ofn, og fyrir framan ofnhurðina sje kassi úr málm, er sje að minsta kosti 50 cm. á hæð, og sje hann þannig áfastur ofninum að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

Skildagi er þessi:

Það er gjört að skilyrði:

- a. Þ bannað sje með uppfestum auglýsingum að reykja tóbak eða fara um með óbyrgt ljós,
- a. Þ ekkert timbur sje látið liggja eða hanga eða sje sett til þerris nær límofni eða öðrum eldstæðum en svo, að 1 m. (um 3 fet) sje á milli. Sama er um trjespæni og annað smælki,
- a. Þ trjespænir og smáspitnarusl sje að lokinni vinnu flutt úr vinnustofunni á óhultan stað, þar sem engin sjerstök eldhætta getur af því stafað, og sje staðurinn vandlega aflæstur, svo að óviðkomandi menn komist þar eigi inn,

4

I. II. III.

16. jan. a ð hlýtt sje að öðru leyti stranglega þeim reglum, er lög eða yfirvöld setja um um trjesmiðahús.

15. *Trjesmiðahús með vjelum.* Stjórn fjelagsins ákveður í hvert skifti iðgjaldið eftir þeim upplýsingum og gögnum, sem hún telur nauðsynleg til að dæma um áhættuna.

Til bráðabirgða greiðist iðgjald, sem getið sje um í skirteininu að breytist þegar iðgjaldið verði fast ákveðið og sje það minst. 12 16 20

Smitaákvæði: Ef iðgjaldið er ákveðið minst 3 8½ 11
reiknast sama iðgjald fyrir sjerhvert hús (eða vörubirgðir) ef það er að nokkru leyti nær en 20 m.

16. *Veitingastadir* (matsala og kaffihús):

a. Án leikhúss 3 7 9
b. Með leikhúsi án leiksvidaljósa 4 12 14
c. Með leikhúsi með leiksvidaljósum 6½ 17 24

Fyrir leiksýningar um stunarsakir, sjá leikhús.

17. *Verksmiðjur*, þar sem notað er vatnsafl, gufuafl eða aðrar afvjarlar, sem eru meira en 2 hestöfl:

a. Þegar váttryggingarupphæðin að húsínu meðtöldu nær ekki 25000 krónum, reiknast gjaldið minst 3 8 11
b. Þegar váttryggingarupphæðin, að húsínu meðtöldu, er 25000 krónur eða hærrí, verður iðgjaldið í hverju sjerstöku tilfelli ákveðið af stjórn fjelagsins eftir þeim upplýsingum og gögnum um eldshættuna, sem fyrir hendi eru. En til bráðabirgða skal greiða iðgjald, er tekið sje fram um í skirteininu að breytt verði, er iðgjaldið er fastákveðið, er nemi 4 9½ 12

NB. Ef unnið er timbur í verksmiðjunni, er þó iðgjald, sem greiðast verður fyrir þetta, reiknað, ef það er hærra en hið ofantalda.

Smitaákvæði við b.:

Verði iðgjaldið ákveðið minst 3¼ 9½ 11
er sama iðgjald reiknað fyrir hvert það hús (eða birgðir), sem að öllu eða einhverju leyti eru nær en 20 m.

Ath. Ef trjesmiðavinna er unnin, gilda þó smitaákvæðin, sem talin eru við trjesmiðaverkstæði.

Skildagi er þessi:

1. Í gufuketilsklefum eða mjög nærri gufukötlum; ofnum, reyk- eða gufuleiðslum má eigi hafa eldfima hluti. Leiðsl-

ur fyrir ókælda gufu, sem eigi eru einangraðar verða að vera í 5 sm. (um 2 þml.) fjarlægð frá viðum a. m. k., nema asbestplata sje milli leiðslunnar og viðanna þeim til hlífðar.

Við eldstæðin má eigi vera meira eldsneyti en þörf er á til eins dags í mesta lagi.

Þegar glæður, gjall, aska eða annar úrgangur er tekinn út úr eldstæðum, skal annaðhvort láta það í fullkomlega örugg ílát úr málmí eða steini, eða slökkva þegar rækilega í því og flytja það síðan út úr húsinu á óhultan stað.

Þurkun.

2. Eldfimir hlutir, sem þurkaðir eru við framleiddan hita, mega eigi vera nær hitunarfærum, hitaleiðslupípum eða hitaleiðslugöngum en svo, að 1 m. (um $1\frac{1}{2}$ al.) sje á milli upp á við og 0,6 m. (um 1 al.) til hliðanna, og eigi nær eldstæði en svo, að 1 m. (um $1\frac{1}{2}$ al.) sje á milli bæði upp á við og til hliðanna. Þvo skal og uppi yfir hitunarfærum, hitaleiðslupípum og hitaleiðslugöngum í 0,6 metra (um 1 al) hæð a. m. k. hafa þannig gjörðan útbúnað, að óhult sje um, að þeir hlutir, sem verið er að þurka, geti dottið niður á pípur eða leiðslur, sem hitinn kemur frá.
3. a. Log, sem höfð er til lýsingar, mega eigi vera nær eldfimu efni en svo, að 1 metri (um 3 fet) sje á milli, ef hið eldfíma efni er upp yfir loganum, og 0,3 úr metra (um 1 fet) ef það er til hliðar, nema járnhlíf, er sje 0,3 úr metra á hvern veg minst, sje á milli logsins og hins eldnæma efnis, og svo langt frá hvoru um sig, að ekki geti kviknað í. Log, sem færa má úr stað og geta komið svo nærri eldfimu efni, að hætta stafi af, skulu útbúin með öruggum hemlum. Lampa sem brent er á steinoliu eða öðrum jarðolíum, má einungis hreinsa og fylla við dagsbirtu og skal gjöra utan verksmiðjunnar, ef hægt er. Ef birgðir af lýsingarvökvum fara fram úr 200 lítrum, skal geyma þær í sjerstöku húsi. Til umburðar í verksmiðjum og birgðahúsum má einungis nota vel lokuð ljósker í vírumgjörð.
- b. Sje raflýsing notuð skal þess gætt:

Aldrei má hengja neitt á eða neðan í veggfastar taugar. Hreifanlegar taugar má ekki stytta með hnútum eða þvíuml., eigi heldur vefja þeim utan

16. jan.

I. II. III.

um nagla, króka eða aðra rafleiðandi hluti nje utan um eldfima hluti. Glóðalampar mega eigi geta snortið hluti, er kviknað getur í. Á bogalömpum skal vera hentugur útbúnaður til að koma í veg fyrir að glóandi kola-agnir, sem niður falla, verði að meini.

Sjerstakan útbúnað skal hafa til hlífðar hreifanlegum taugum, ef hættu er á, að þær verði fyrir harðhnjaski.

Á vasalömpum skal vera vírnet til hlífðar, eða aukagler.

Sjerfróðir menn skulu að jafnaði einusinni á ári minst athuga rafmagnsútbúnaðinn.

Til vara má einungis hafa til lýsingar oliulampa í lokuðum ljóskerum.

F æ g i g ö g n .

4. Þráðskúfa, tuskur, hamprudda og þviuml., sem notað hefir verið til að þurka eða fægja vjelahluti, skal brenna á hverju kvöldi, eða geyma á óhultum stað, þar sem ekkert mein getur hlotist af, þótt í því kvikni.

Ú r g a n g u r .

5. Eldfiman úrgang skal einu sinni á dag a. m. k. og jafnan eftir vinnutíma hreinsa burt úr vinnustofunum og flytja á óhultan stað eða geyma á þann hátt, sem yfirvöld fyrir skipa.

U m b ú ð a e f n i .

6. Sjerlega eldfima hluti, sem hafðir eru til umbúða og fyllingar, svo sem hálm, hey, hamprudda, spónull og þesskonar, skal geyma í sjerstöku herbergi, og má ekki hafa meira af því á vinnustofunum en þörf er á til eins dags í mesta lagi.

T ó b a k s r e y k i n g .

7. *Tóbaksreyking er bönnuð nema á skrifstofum og íveruherbergjum.*

18. *Verzlun og sjerhver önnur kaupmenskustarfræksla:*

1. Þegar:

a. í sölubúðum er slökkvitól, sem fjelagið tekur gilt og því er ávalt haldið í notfæru standi

3 6¹/₂ 8³/₄

I. II. III. 4
16. jan.

- b. *eldstæði* og *reykháfar* eru þar að auki gjörðir samkvæmt ákvæðum laga um brunamál 22. nóvbr. 1907, sjá 4. gr. $2\frac{3}{4}$ $6\frac{1}{4}$ $8\frac{1}{4}$
2. Annars 3 7 9
3. Vörugæymsluhús, sem í eru geymdar einungis útflutningsvörur, og liggja minst 60 m. frá næstu húsum og hafa þar að auki ekkert eldstæði $2\frac{3}{4}$ $6\frac{1}{2}$ $8\frac{1}{4}$
4. Íshús, sjá þau.

Um 1—3. Sjerstakur skildagi:

Það skilyrði er sett, að váttrygður haldi verslunarbækur þær, sem fyrirskipaðar eru í lögum 11. júlí 1911. Skulu bækurnar geymdar svo, að auðvelt sje að bjarga þeim, ef bruni kemur upp. Utan starftímans skulu bækurnar geymdar í eldtraustum skáp, ef til er, en ella í svefnherbergi verslunarstjórans eða verslunarþjónsins.

Um 1—2. Sjerstakur skildagi:

Banna skal með uppfestum auglýsingum í verslunarhúsunum að bera þar um óbyrgt ljós. Gildi váttryggingarinnar er bundið því skilyrði, að eigi sjeu á verslunarbúinu meiri birgðir af hreinsaðri steinolíu en 10 tnr., og eigi meira en 40 lítrar af nafta, gasólíni og áþekktum óhreinsuðum vökvum, er hæglega kviknar í.

Sjeu birgðirnar stærri en þetta, fellur skildaginn burtu, en iðgjaldið fyrir allar byggingarnar er reiknað sem fyrir »Birgðir« o. s. frv.

Um 3. Sjerstakur skildagi:

Banna skal með uppfestum auglýsingum í varningshúsum að reykja þar tóbak eða fara um með óbyrgt ljós.

Aths. 1. Það hækkar ekki iðgjöldin, þó í húsunum sje beykis- eða trjesmiðaverkstæði, sem rekin eru með handaffi og 2 menn starfa þar. Fyrir hvern starfandi mann þar yfir er reiknað $\frac{1}{2}\frac{0}{00}$ aukagjald fyrir alt húsið.

Aths. 2. Þegar unnið er að trjesmiðum með vjelum reiknast iðgjaldið fyrir alt húsið sem ákveðið er fyrir þessa atvinnutegund.

19. *Vörubirgðir* utan húss á óbygðu svæði (að undan- teknu steinolíu og öðrum eldfimnum efnum, ásamt timbri).

1. Ef minst 30 m. óbyggt svæði er milli þeirra og næstu húsa eða annara birgða $6\frac{0}{00}$.
2. Ef fjarlægð er minni: Sama iðgjald sem fyrir næsta hús eða birgðir, þó minst $6\frac{0}{00}$.

4

16. jan.

11. gr.

Þeir kaupstaðir og kauptún, sem hafa vatnsveitu og *aulk þess* slökkviút-
búnað í svo góðu lagi, sem framkvæmdarstjórn fjelagsins telur viðunandi, geta
vænst að fá samning við fjelagið um lækkun iðgjaldanna. Slíkt verður að ger-
ast með sjerstökum samningi við bæjarstjórn eða sveitarstjórn á hverjum stað.

Ennfremur getur fjelagið hækkað iðgjöldin á þeim stöðum, sem vanrækt
er að fullnægja ákvæðum laga nr. 85, 22. nóv. 1907. — Fjelagið getur tekið
hærri iðgjöld fyrir lausafje en fyrir hús.

12. gr.

Flokkunarreglur þessar og iðgjaldtaxti hafa gildi frá 1. janúar 1917.
Þær skulu endurskoðaðar fyrir 1. janúar 1920.

Í stjórnarráði Íslands, 16. janúar 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson

5

10. febr.

Hafnarreglugjörð

fyrir Eskifjarðarkauptún.

Stjórnarráð Íslands hefir 10. febrúar 1917 gefið út svofelda hafnarreglu-
gjörð fyrir Eskifjarðarkauptún í Sudurmúlasýslu, samkvæmt lögum nr. 62 frá
10. nóv. 1905.

I. Hafnargjöld.

Öll skip (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem leggjast á Eski-
fjarðarhöfn, fyrir innan beina línu, dregna frá Mjóeyri í Skeleyri, hvort sem þau
kasta akkeri eða leggjast við bryggju, skulu greiða hafnargjald, sem hjer segir:

- a. Veiðiskip, sildveiðaskip, hvalveiðaskip og flutningsskip (þar með talin skip,
er mestmegnis eða eingöngu flytja hvers konar sjávaraflla sem er milli
landa), skulu gjalda 5 auro af hverri smálest alls farmrúmsins í fyrsta sinn á